

Ísafjarðarbær  
Jóhann B. Helgason,  
sviðsstjóri  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Umhverfisstofnun
Áb. _____
20. des. 2011 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. desember 2011  
Tilvísun: UST20111000154/ksj

### Lýsing vegna tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar Ingjaldssandi. Umsögn

Vísað er til erindis sviðstjóra framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar er barst 20. október sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu á tillögu að deiliskipulagi frístundabyggða í landi Sæbóls I, II og III, Álfadals og Hrauns á Ingjaldssandi í Ísafjarðarbæ. Um er að ræða 6 svæði sem áætlað er að taka fyrir frístundabyggð í landi Sæbóls, Álfadals og Hrauns, og eru 4 hús áætluð á hverju svæði, sem gerir heildarfjölda þeirra 24. Gert er ráð fyrir 2 svæðum í landi Álfadals, 2 svæðum í landi Hrauns og 2 svæðum í landi Sæbóls.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við lýsingu á tillögu að deiliskipulagi frístundabyggða í landi Sæbóls, Álfadals og Hrauns.

#### Afmörkun svæða

Í lýsingu eru svæðin sem tillaga er um að reisa frístundabyggð á, sýnd gróflega á korti, og segir í lýsingunni: *“Í aðalskipulagsferlinu voru landeigendur beðnir um að staðsetja þessi svæði á korti hjá ráðgjöfum þeim sem sáu um aðalskipulagsgerðina og er staðsetning þeirra því mjög gróf og geta því eingöngu verið leiðbeinandi.”* Að mati Umhverfisstofnunar hefði átt að marka tillögunsvæðin skýrar í landi svo hægt væri að átta sig betur á staðsetningu þeirra, t.d. með punktalínu.

#### Tillögunsvæðin

Svæði F 32 í landi Álfadals. Svæðið er norðan við félagsheimilið að Vonarlandi. Vegur liggur að félagsheimilinu og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að ofangreindur vegur verði einnig nýttur fyrir frístundahúsin, sem myndi minnka rask vegna framkvæmda. Sjónræn áhrif yrðu nokkur, þar sem staðurinn blasir víða við, en þar sem mannvirki eru þegar á svæðinu hafa sjónræn áhrif þegar orðið og yrði um stækkun á núverandi byggðarsvæði að ræða. Miðað við ofangreint gerir Umhverfisstofnun ekki að svo komnu máli athugasemd við staðsetningu frístundabyggðar á svæði F 32.

Svæði F 31 í landi Álfadals, áætlað svæði fyrir frístundabyggð er í mynni Álfadals. Norðan þess eru tún, en hraunjaðar að norðan- og vestanverðu. Að mati Umhverfisstofnunar er mjög mikilvægt að framkvæmdir yrðu sem mest á þegar röskuðum svæðum, og að mati stofnunarinnar er afar mikilvægt að ekki verði farið inn á þau hraun sem á svæðinu eru. Við skipulagsgerðina yrði því að mati stofnunarinnar að vanda vel val á svæðum fyrir byggingarreiti. Framkvæmdum myndi fylgja vegagerð og að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að forðast rask á votlendi á svæðinu en skv. 37. gr. laga um náttúruvernd njóta votlendi sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Svæði F 30 í landi Hrauns. Svæðið er frekar þröngt þar sem hraun afmarkar nyrðri hluta þess. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ekki verði farið með framkvæmdir og rask inn á hraunasvæði.

Svæði F 29 í landi Hrauns. Að mati Umhverfisstofnunar Að mati Umhverfisstofnunar þá verður rask af framkvæmdum yrði ásættanlegra ef byggt yrði á melasvæðinu. Hins vegar yrði rask talsvert meira ef byggt yrði í brekkum ofan þess, enda fremur brattar. Í hlíðunum yrðu mikil sjónræn áhrif af framkvæmdum og vegagerð.

Svæði F 27 og F 28 eru staðsett í Nesdal í landi Sæbóls I, II og III. Nesdalur er þröngur eyðidalur og opnast til sjávar í norðvestur, ósnortinn af framkvæmdum ef ef frá er tekinn slóði og sæluhús/smáhús við ströndina. Slóðinn er liggur niður dalinn er aðeins fær torfæribílum yfir sumarmánuðina. Að mati Umhverfisstofnunar myndi mikið rask fylgja því að leggja veg og byggja upp frístundabyggð í dalnum, með tilheyrandi tilflutningi á efni, brúar- og ræsagerð o. þ.h.

Nesdalur hefur ekki verið nýttur nema til beitar undanfarna áratugi, og þyrfti að meta sérstöðu svæðisins út frá því, enda yrðu verulegar breytingar á dalnum með tilkomu frístundabyggðar að mati Umhverfisstofnunar og telur stofnunin að í raun yrði um landnám að ræða með byggingu húsa og tilheyrandi vegagerð. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að horfa til þeirrar eðlisbreytingar er yrði á Nesdal við þær framkvæmdir sem áætlaðar eru á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að frístundabyggð sé ekki dreift of víða, heldur haldið á vissum svæðum innan sveitarfélagsins. Svæði sem er að mestu ósnortið hefur mikið útivistargildi og það myndi að mati Umhverfisstofnunar skerðast við uppbyggingu frístundabyggðar í Nesdal.

## **Gróður**

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gróðurheildir á framkvæmdasvæðum fái að halda sér og stofnunin telur mikilvægt að sett séu tilmæli eða skilmálar í deiliskipulag svæðisins um trjategundir sem gróðursetja skal í svæðin og halda sig við íslenskar tegundir svo sem reyni og birki og staðbundnar víðitegundir ef þær eru að finna.


## **Niðurstaða**


Í lýsingu deiliskipulagstillögu að frístundabyggð í landi Sæbóls, Hrauns og Álfadals er ágætlega gerð grein fyrir staðháttum þeirra jarða sem tillaga er um að deiliskipuleggja. Að mati Umhverfisstofnunar þyrftu sjálf tillögunum að vera betur afmörkuð til að gefa mynd af væntanlegum framkvæmdasvæðum. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við uppbyggingu frístundabyggða í landi Álfadals og Hrauns enda kemur fram í lýsingunni að:

„Meginmarkmið við útfærslu deiliskipulagstillagnanna er að staðsetja hús þannig að þau falli vel að umhverfi sínu, að öllu raski verði haldið í lágmarki bæði við byggingarframkvæmdir og vegaf framkvæmdir og að yfirbragð húsanna verði að einhverju leyti samræmt á hverju svæði fyrir sig. Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spilltri náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu.“

Umhverfisstofnun mælir ekki með að farið sé í uppbyggingu frístundabyggðar í Nesdal. Að mati stofnunarinnar ber að vernda ósnortinn eyðidal og viðhalda náttúrulegu ástandi hans.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

